

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. mars 2016
UST201603-034/J.S.J.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hæfisskilyrði leiðsögumanna – 275. mál

Umhverfisstofnun vísar til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 2. mars 2016, þar sem umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar sbr. þingskjal 304 – 275. mál um hæfisskilyrði leiðsögumanna er óskað.

Í þingsályktuninni er lagt til að undirbúnar verði reglur um hæfi leiðsögumanna í ferðum um hálendi Íslands, þjóðgarða og friðlönd með það fyrir augum að vernda náttúruna.

Umhverfisstofnun tekur undir þá tillögu að ástæða er til að huga að hæfisskilyrðum leiðsögumanna sem bera ábyrgð á skipulögðum hópferðum um hálendi Íslands, þjóðgarða og friðlönd. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem koma að leiðsögn séu fullkunnugt um þau ákvæði sem fram koma í nágildandi lögum um náttúruvernd nr.60/2013, þekki ákvæði friðlýsinga um þau svæði sem farið er um, auk þess að þekkja áherslur sem koma fram í stjórnunar- og verndaráætlunum friðlýstra svæða.

Í þingsályktunni telja flutningsmenn rétt að Umhverfisstofnun í samstarfi við tiltekna hagsmunaaðila undirbúi námskeið fyrir leiðsögumenn ferðamanna um hálendi, þjóðgarða og friðlönd Íslands og móti tillögur að reglum um hæfisskilyrði þeirra sem sinna leiðsögn. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar sinni stofnunin menntun landvarða í samræmi við reglugerð ráðherra og s.k. 80 gr. laga nr. 60/2013. Mögulegt væri að samtvinna hluta þeirrar kennslu við núverandi nám leiðsögumanna, með áherslu á þau hæfisskilyrði sem lögð verða fram. Umhverfisstofnun bendir einnig á að kostnaður stofnunarinnar við menntun landvarða er innheimtur af námskeiðsgjöldum og þyrfti að kanna hvort og með hvaða hætti komið yrði til móts við aukin kostnað Umhverfisstofnunar vegna þessa verkefnis, ef niðurstaðan yrði sú að auka umfang námsins.

Varðandi tillögur að reglum um hæfisskilyrði leiðsögumanna, þá bendir Umhverfisstofnun á að Ferðamálastofa gaf út árið 2013 leiðbeinandi reglur um öryggismál fyrir ferðaþjónustuaðila. Tilgangur reglnanna var að mæta auknum öryggiskröfum til handhafa ferðaskipuleggienda- og ferðaskrifstofuleyfa. Í leiðbeinandi reglum sem Ferðamálastofa lagði fram, er komið inn á hæfisskilyrði starfsmanna sem bera ábyrgð á ferðamönnum í mismunandi tegundum ferða. Umhverfisstofnun leggur til að þær reglur verði til hliðsjónar að viðbættum þeim áherslum sem Umhverfisstofnun leggur fram hér að ofan, þ.e. þá þætti sem varða grunnkunnáttu í greinum laga nr.60/2013, þekkingu á ákvæðum friðlýsinga, auk áherslna í Stjórnunar- og verndaráætlum friðlýstra svæða.

Virðingarfyllt

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Ólafur Arnar Jónsson
Sviðsstjóri